



UMHVERFISSTEFNA AKRANESKAUPSTAÐAR



INNGANGUR

Akranes er vaxandi bæjarfélag með rúmlega 7.500 íbúa og er stærsti íbúakjarni Vesturlands. Sveitarfélagið er framsækið og leggur áherslu á jákvæðni og metnað í allri þjónustu og uppbyggingu.

Bærinn er einstaklega góður kostur fyrir fjölskyldufólk. Samfélagið er með í Heilsueflandi og Barnvænu samfélagi, þar sem mikil áhersla er á virkni og þátttöku íbúa.


Styrkur bæjarins er einnig að stutt er í náttúru og alla nærpjónustu. Umgjörð bæjarins er einstök með fjölbreytta strandlengju, fuglafriðland, áhugaverðar jarðmyndanir og skógræktarsvæði.


UMHVERFISMÁL Í FARARBRODDI

Akraneskaupstaður er meðvitaður um mikilvægi umhverfismála og hefur að undanförunum árum unnið því að styrkja málaflökkinn.

Vinna við umhverfisstefnu hófst árið 2019 hjá skipulags- og umhverfisráði í samstarfi við Stefán Gíslason umhverfisfræðing. Af því tilefni var efnt til íbúafundar í maí 2019 þar sem íbúar tóku þátt í að móta hugmyndir að framtíðarsýn á sviði umhverfismála í sveitarfélaginu. Í kjölfarið voru valdir áherslupættir og ákveðið að hafa markmið bæði mælanleg og tímasett.

Akraneskaupstaður hefur á undanförunum árum tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum verkefnum um lífsgæði, sjálfbærni og bætta lýðheilsu. Nefna má, Bláfánaviðurkenningu, hvatningarverðlaun, umhverfisviðurkenningar og grænfánaviðurkenningu leik- og grunnskóla. Þá var stofnaður starfshópur um sorpmál í sveitarfélaginu árið 2019 sem hefur það hlutverk að móta stefnu sýn í sorpmálum. Akraneskaupstaður er einnig þátttakandi á samstarfsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðlega má nefna þátttöku í Norrænu samstarfsverkefni um lífsgæði í litlum og meðalstórum bæjum (Attractive Nordic Towns) 2017 til 2019.






MARKMIÐ

Markmið Akraneskaupstaðar er að umhverfis- og loftslagsmál verði í forgrunni í almennri stefnumótun sveitarfélagsins. Sveitarfélagið kappkostar jafnframt að sýna gott fordæmi og hvetja íbúa til að bæta frammistöðu sína á þessum sviðum. Lögð verði áhersla á vandað umhverfi með fallegri bæjarmynd sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa.

Akraneskaupstaður vill bæta umgengni við manngert og náttúrulegt umhverfi þannig að íbúum sé sómi af, ásamt því að auka umhverfisvitund bæjarbúa og gera þá meðvitaðri um kosti þess að búa í hreinu og fögru umhverfi. Sveitarfélagið vinnur að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti og hefur þess vegna sett sér umhverfisstefnu.

LEIÐARLJÓS

Akraneskaupstaður stefnir að því að gera sveitarfélagið sem vænlegast til búsetu og atvinnurekstrar fyrir núverandi og komandi kynslóðir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.






HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Við gerð umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun höfð til hliðsjónar. Í aðgerðarkafli stefnunnar er sérstaklega gerð grein fyrir því hvaða heimsmarkmiða er horft til hverju sinni.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið.

AÐGERÐIR

Við vinnuna var ákveðið að hafa markmið stefnunnar mælanleg og tímasett til að auðvelda skilvirkni og árangur.



Stjórnsýsla



Loftslagsmál



Vatn



Vernd náttúru og menningarminja



Umhverfisfræðsla og menntun



Atvinnulíf



Samgöngur



Úrgangur




Lýðheilsa og samfélag




STJÓRNSÝSLA

Stjórnsýsla Akraneskaupstaðar sé fagleg og byggð
á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar





MARKMIÐ



Fagleg stjórnsýsla og áhersla á sjálfbæra þróun

Fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál fyrir sveitarstjórnarfólk

Haldin verði námskeið um umhverfis- og loftslagsmál og sjálfbæra þróun í byrjun kjörtímabils og eftir atvikum síðar á kjörtímabilinu fyrir fulltrúa í sveitarstjórn og fagnefndum með það að markmiði að auðvelda þeim að taka ákvarðanir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á námskeiðunum verði sérstaklega fjallað um loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim.



Bæjarráð



Innan 6 mánaða eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og að minnsta kosti einu sinni til viðbótar síðar á kjörtímabilinu.



Opin stjórnsýsla, gagnsæ ákvarðanatataka og íbúalýðræði

Mótuð verði stefna um opin gögn til að stuðla að betri opinberri stjórnsýslu, þ. á m. á sviði samgangna, lýðheilsu, umhverfismála og orkumála. Markmið opinna gagna er að gera stjórnsýsluna gagnsærri og efla íbúa til þátttöku í ákvörðunarferlum sveitarfélagsins.




Bæjarstjórn



Fyrir árslok 2022



MARKMIÐ



Grænar áherslur í innkaupum sveitarfélagsins

Vistvæn innkaupastefna

Sveitarfélagið setji sér stefnu um vistvæn innkaup. Með því að stunda vistvæn innkaup er verið að velja vöru og þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og hefur sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.



Bæjarráð og
umhverfisstjóri



Fyrir árslok 2021



Bæjarráð



Fyrir árslok 2021




Sameiginleg innkaup stofnana sveitarfélagsins

Kannaðir verði möguleikar á að innkaup stofnana sveitarfélagsins verði sameiginleg í meiri mæli en nú er og hvort slíkt fyrirkomulag gæti aukið vægi umhverfismerktra vara og þjónustu og stuðlað að hagstæðari kjörum.



MARKMIÐ



Grænar áherslur í innkaupum sveitarfélagsins

Fræðsla um græn innkaup fyrir þá sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið

Þeir sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið fái sérstaka fræðslu um möguleikana á að taka tillit til umhverfissvottana og annarra upplýsinga um umhverfisþætti vara og þjónustu við innkaup.



Bæjarráð



Fyrir 1. apríl 2022



Grænt bókhald sveitarfélagsins

Kannaðir verði möguleikar á að innkaup stofnana sveitarfélagsins verði sameiginleg í meiri mæli en nú er og hvort slíkt fyrirkomulag gæti aukið vægi umhverfismerkra vara og þjónustu og stuðlað að hagstæðari kjörum.



Bæjarráð



Fyrir 1. janúar 2022




LOFTSLAGSMÁL

Akraneskaupstaður dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar á loftslagið og vinni að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga





MARKMIÐ



Loftslagsmál í forgrunni í stefnumótun Akraneskaupstaðar

Sambætting loftslagssjónarmiða við áætlanagerð sveitarfélagsins á öllum sviðum

Í áætlanagerð sveitarfélagsins á öllum sviðum, þ.m.t. í fjárhagsáætlun, verði fjallað sérstaklega um loftslagsáhrif einstakra verkefna, þ.m.t. áhrif á kolefnisspor sveitarfélagsins.



Bæjarráð



Í fyrsta sinn í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022



Bæjarráð



Fyrir árslok 2021




Alþjóðlegt samstarf í loftslagsmálum

Kannaðir verði möguleikar á alþjóðlegu samstarfi í loftslagsmálum, til dæmis með aðild að ICLEI (Local Governments for Sustainability), The Covenant of Mayors for Climate and Energy eða með samstarfi á þessu sviði við norræna vinabæi.



MARKMIÐ



Kolefnishlutlaus Akraneskaupstaður árið 2030



Útreikningur á kolefnisspori sveitarfélagsins og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Kolefnisspor sveitarfélagsins verði reiknað og niðurstöður nýttar við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, (sjá einnig aðgerð 4.1.2).

Vistvæn ferðalög starfsmanna sveitarfélagsins

Lögð verði áhersla á að ferðalög starfsmanna sveitarfélagsins verði vistvæn og allar flugferðir starfsmanna, innanlands sem utan, verði kolefnisjafnaðar.



Bæjarráð og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. maí 2022 (fyrir árið 2021) og síðan árlega
eftir það




Bæjarráð og
umhverfisstjóri



Frá og með 1. ágúst 2021



MARKMIÐ



Aðlögun að loftslagsbreytingum



Áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum

Unnin verði áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum sem innihaldi m.a. áhættumat vegna sjávarflóða, skoðun á uppbyggingu sjóvarnargarða, skipulag blágrænna ofanvatnslausna, o.fl., (sjá einnig aðgerð 3.2.2.).




Skipulags- og umhverfiráð og umhverfisstjóri



Fyrir árslok 2022


VATN

Grunnvatni sé ekki spillt í sveitarfélaginu og nægt grunnvatn varðveitt til framtíðarnota





MARKMIÐ



Vatnsvernd og hófsöm nýting neysluvatns

Flokkun grunnvatns og yfirborðsvatn

Í áætlanagerð sveitarfélagsins á öllum sviðum, þ.m.t. í fjárhagsáætlun, verði fjallað sérstaklega um loftslagsáhrif einstakra verkefna, þ.m.t. áhrif á kolefnisspor sveitarfélagsins.



Skipulags- og umhverfisráð og umhverfisstjóri



Fyrir árslok 2022



Bæjarráð, skipulags- og umhverfisráð og umhverfisstjóri



Fyrir 1. júlí 2023




Úttekt á nýtingu neysluvatns og áætlun um bætta nýtingu og verndun vatnsbóla

Kannaðir verði möguleikar á alþjóðlegu samstarfi í loftslagsmálum, til dæmis með aðild að ICLEI (Local Governments for Sustainability), The Covenant of Mayors for Climate and Energy eða með samstarfi á þessu sviði við norræna vinabæi.



MARKMIÐ



Ábyrg stjórnun fráveitumála og ofanvatns

Áætlun um úrbætur á fráveitumálum

Gerð verði áætlun um úrbætur á fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, með það að markmiði að fráveitukerfi standist ítrustu kröfur um mengunarvarnir.



Bæjarráð,
skipulags- og
umhverfisráð og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. júlí 2023



Bæjarráð,
skipulags- og
umhverfisráð og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. júlí 2023



Sjálfbærar ofanvatnslausnir

Sveitarfélagið marki sér stefnu um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna, með það að markmiði að bæta gæði ofanvatns, stuðla að grænna umhverfi, auka líffræðilega fjölbreytni í byggðinni og lækka viðhaldskostnað. Stefnumörkunina má samþætta við loftslagsáherslur sveitarfélagsins sem hluta af aðlögun að loftslagsbreytingum, svo og áætlun um úrbætur í fráveitumálum.




VERND NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJA

Áhersla verði lögð á náttúruvernd og varðveislu
menningarminja





MARKMIÐ



Náttúruvernd í verki

Náttúruverndaráætlun fyrir Akraneskaupstað

Unnin verði sérstök náttúruverndaráætlun fyrir Akraneskaupstað, þar sem m.a. verði tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt X. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svo og svæði og náttúruminjar á náttúruminjaskrá skv. 33. gr. sömu laga, auk annarra svæða og náttúrufyrirbæra sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Í áætluninni verði ákvæði um sérstaka aðgát vegna framkvæmda í grennd við svæði á náttúruminjaskrá. Við gerð áætlunarinnar verði sérstaklega kannaðir möguleikar á að fjölga friðlýstum svæðum í sveitarfélaginu. Áætlunin verði þannig sett fram og kynnt að hún verði aðgengileg íbúum Akraneskaupstaðar og gestum sveitarfélagsins. Jafnframt verði kynntur réttur almennings til að njóta útivistar í náttúrunni með áherslu á jákvæð áhrif útivistar á lýðheilsu.



Bæjarráð,
skipulags- og
umhverfisráð og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. júlí 2023



Bæjarráð,
skipulags- og
umhverfisráð og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. september 2022




Endurheimt votlendis

Unnin verði sérstök áætlun um endurheimt votlendis í sveitarfélaginu. Áætlunin samþættir aðgerðir í loftslagsmálum, verndun líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt raskaðra vistkerfa, bættu þjónustu vistkerfa og betri vatnsbúskap, (sjá einnig aðgerð 2.2.1).



MARKMIÐ



Náttúruvernd í verki

Viðhald líffræðilegrar fjölbreytni

Lagt verði mat á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í sveitarfélaginu og helstu ógnir, svo sem ágengar tegundir, búsvæðaeyðingu og mengun, og gerð áætlun um að viðhalda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, þ.m.t. með því að efla fræðslu og miðlun upplýsinga um þessi mál til starfsfólks og íbúa sveitarfélagsins.



Umhverfisstjóri



Fyrir 1. apríl 2023



Mat á friðlandinu við Blautós og Innstavogsnes

Blautós og Innstavogsnes var friðlýst árið 1999 og var tilgangur friðlýsingarinnar að vernda landslag og lífríki svæðisins, en þar er m.a. að finna auðugt fuglalíf og athyglisverðar jarðmyndanir. Bæjarstjórn Akraness er heimilt, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, að setja reglur varðandi nýtingu og umferð um svæðið. Lagt verði mat á hvort aðgerða sé þörf á skipulagi svæðisins m.t.t. umgengni og náttúruverndar.




Skipulags- og umhverfisráð og umhverfisstjóri



Fyrir 1. júlí 2023



MARKMIÐ



Náttúruvernd í verki



Hverfisverndarsvæði

Sérstakt mat verði lagt á hvort þörf sé á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Niðurstöður matsins verði nýttar við gerð skipulagsáætlana og sett ákvæði um hverfisvernd þar sem það á við.




Skipulags- og
umhverfisráð



Fyrir næstu endurskoðun aðalskipulags



MARKMIÐ



Verndun menningarminja



Áætlun um verndun menningarminja og bæjarumhverfis

Unnin verði sérstök áætlun um verndun menningarminja í Akraneskaupstað. Fornleifaskráning liggja til grundvallar áætluninni. Í áætluninni verði m.a. skilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar, auk annarra minja sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Jafnframt taki áætlunin til bættrar merkingar menningarminja. Haft verði samráð við Minjastofnun Íslands um merkingar. Áætlunin verði síðan nýtt við skipulag byggðahverfa, útivistarsvæða, skógræktar o.s.frv. til að tryggja að minjum sé ekki raskað.



Bæjarráð og
menningar- og
safnanefnd



Fyrir 1. júlí 2023




UMHVERFISFRÆÐSLA OG MENNTUN

Íbúar í Akraneskaupstað, ungir sem aldnir, hafi
aðgang að upplýsingum og fræðslu um
umhverfismál og sjálfbæra þróun





MARKMIÐ



Umhverfisfræðsla fyrir íbúa

Símenntun um umhverfismál og sérstök áhersla á loftslagsmál

Íbúum Akraneskaupstaðar verði reglulega boðið upp á fræðslu um umhverfismál, svo sem um flokkun úrgangs, jarðgerð, aðra endurvinnslu, matjurtarækt, endurheimt votlendis, náttúruvernd, lífríki og loftslagsmál. Fræðslan verði t.d. veitt með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, með dreifingu prentaðs upplýsingaefnis og með lifandi upplýsingum um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins.



Umhverfisstjóri



Frá 1. janúar 2022



Sérstök átaksverkefni sem hvetja til meðvitundar um umhverfismál og þátttöku bæjarbúa í vernd umhverfisins

Ráðist verði í sérstök átaksverkefni í samstarfi við bæjarbúa, fyrirtæki og samtök til að stuðla að aukinni umhverfisvitund og þátttöku í vernd umhverfisins. Má þar nefna hreinsunaráttak, plöntun birkiskóga, fegrun umhverfis, plöntuskiptimarkaði, skiptimarkaði fyrir fatnað o.fl.




Umhverfisstjóri



Frá 1. janúar 2021



MARKMIÐ



Áhersla á umhverfismál í skólum sveitarfélagsins



Þátttaka í gerð námsefnis um umhverfismál

Stuðningur við skólasamfélagið við gerð námsefnis um umhverfismál, ásamt aðstoð vegna umsókna í innlenda og erlenda sjóði í tengslum við námsefnisgerð, svo sem Sprotasjóð og samstarfssjóði Evrópusambandsins.



Skóla- og frístundaráð




Alltaf í gangi




ATVINNULÍF

Fyrirtæki í Akraneskaupstað dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið og upplýsi íbúa um umhverfisþætti í rekstrinum





MARKMIÐ



Atvinnulíf í sátt við náttúru og samfélag

Úttekt á atvinnutækifærum og áætlun um nýsköpun í anda græns hagkerfis

Gerð verði úttekt á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu í anda græns hagkerfis, m.a. m.t.t. tillagna sem settar voru fram árið 2011 í skýrslu Alþingis um eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Jafnframt verði kannaðir möguleikar aðila á styrkjum vegna verkefna af þessum toga.



Bæjarstjórn



Fyrir árslok 2021



Hvatning til fyrirtækja til að setja sér stefnu í umhverfismálum

Gert verði átak í að hvetja fyrirtæki í sveitarfélaginu til að setja sér stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og vinna markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum af starfseminni, m.a. með gerð samgöngusamninga við starfsmenn.




Bæjarráð og umhverfisstjóri



Fyrir 1. maí 2021



MARKMIÐ



Umhverfisvæn ferðapjónusta



Hvatning til aðila í ferðapjónustu til að afla sér umhverfsvottunar

Mismunandi valkostir í umhverfsvottun ferðapjónustufyrirtækja kynntir fyrir aðilum í ferðapjónustu og þeir hvattir til að afla sér vottunar. Gefinn verði út einfaldur bæklingur (t.d. fjórblöðungur) þar sem helstu valkostir eru kynntir og honum fylgt eftir á fundi með aðilum í greininni.



Bæjarráð og
umhverfisstjóri




Fyrir árslok 2021




SAMGÖNGUR

Sjálfbær þróun og öryggi íbúa séu í fyrirrúmi við þróun samgangna í Akraneskaupstað





MARKMIÐ



Umhverfisvænni samgöngur



Úttekt á almenningssamgöngum

Unnin verði úttekt á almenningssamgangnakerfi sveitarfélagsins og gerð áætlun um orkuskipti í almenningssamgöngum. Samhliða verði gerð greining á því hvernig bæta megi þjónustustigið. Til að auka notkun á almenningssamgöngum er lykilatriði að taka mið af þörfum notandans fyrir að komast á milli staða, bæði innanbæjar og utan, með skjótum og einföldum hætti.



Bæjarstjórn í samráði við SSV



Fyrir 1. maí 2021



Bæjarstjórn




Fyrir árslok 2021

Uppbygging hleðslustöðva

Leitað verði samstarfs við orkufyrirtæki eða aðra aðila um uppsetningu 32A hleðslustöðva fyrir rafbíla í sveitarfélaginu.



MARKMIÐ



Umhverfisvænni samgöngur



Rafvæðing ökutækja á vegum sveitarfélagsins

Unnin verði áætlun um rafvæðingu ökutækja á vegum sveitarfélagsins, einkum tækja sem að jafnaði er ekið innan við 200 km á dag.

Hvatning til umhverfisvænni samgöngumáta

Ráðist verði í átak til að hvetja starfsmenn sveitarfélagsins til að nýta sér umhverfisvænan samgöngumáta til og frá vinnu. Hvatningin getur t.a.m. verið í formi samgöngusamninga eða lánessamninga um rafhjól. Mikilvægt er að starfsmenn sveitarfélagsins séu fyrirmyndir í umhverfisvænum samgöngumáta.



Skipulags- og
umhverfisráð



Fyrir 1. nóvember 2021




Bæjarstjórn og
umhverfisstjóri



Fyrir 1. apríl 2021



MARKMIÐ



Þéttriðið net göngu-, hjóla- og reiðstíga



Uppbygging göngu-, hjóla- og reiðstíga

Gerð verði úttekt á merkingum og frekari uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðstíga í sveitarfélaginu, með sérstakri áherslu á ferlimál fatlaðra, svo sem með skábrautum á gangstéttarbrúnum. Hugað verði sérstaklega að öryggispáttum í þessu sambandi, t.d. vegna annarrar umferðar, og yfirborðsmerkingum.




Skipulags- og umhverfisráð



Fyrir næstu endurskoðun aðalskipulags



MARKMIÐ



Umferðaröryggi



Umferðaröryggisáætlun

Við eigum áætlun. Innlæða ákveðna þætti hennar. Unnin verði umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið sem miðar að því að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélagsins og íbúa.

Áhersla verði m.a. lögð á markvissa hraðastýringu bílaumferðar, yfirborðsmerkingar og forgang gangandi og hjólandi umferðar þar sem það á við, svo og að útfærslu umferðarmannvirkja, stofnbrauta og tengibrauta taki mið af umhverfi og aðstæðum.




Skipulags- og
umhverfisráð




Fyrir 1. júní 2021

ÚRGANGUR

Akraneskaupstaður verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsforvörnum og úrgangsmeðhöndlun með góða nýtingu auðlinda að leiðarljósi



MARKMIÐ



Urðun að hámarki 10% af heildarmagni heimilisúrgangs árið 2025

Endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs

Samþykkt Akraneskaupstaðar um meðhöndlun úrgangs verði endurskoðuð og m.a. felld þar inn ákvæði um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, sbr. 2. tl. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um leið verði séð til þess að samþykktin myndi grunn fyrir gjaldskrá sem samræmist því markmiði laganna að kostnaður vegna meðhöndlunar úrgangs verði greiddur af handhöfum úrgangsins, sbr. einnig 23. gr. laganna. Sveitarfélagið setji upp aðgengilegt kerfi með hagrænum hvötum sem skyldar íbúa til að flokka endurvinnsluefni frá blönduðum úrgangi. Sveitarfélagið gæti þurft að fara í greiningarvinnu á því hvaða kerfi hentar best, hafi slíkt ekki áður farið fram, en kerfið gæti verið blanda af flokkunartunnum við hvert heimili og fjölgun á grenndar- og endurvinnslustöðvum í sveitarfélaginu.



Sveitarstjórn



Fyrir árslok 2022



Endurskoðun gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjaldskrá Akraneskaupstaðar fyrir meðhöndlun úrgangs verði endurskoðuð og samræmd endurskoðaðri samþykkt (sjá aðgerð 8.1.1) og aðlöguð þeirri meginreglu að innheimt séu gjöld fyrir alla meðhöndlun úrgangs, svo og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál, sjá 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.




Sveitarstjórn



Fyrir árslok 2022



MARKMIÐ



Urðun að hámarki 10% af heildarmagni heimilisúrgangs árið 2025

Bætt aðstaða til flokkunar úrgangs

Séð verði til þess að öll heimili á Akranesi eigi auðvelt með að halda eftirtöldum úrgangsflokkum aðskildum:

1. Drykkjarumbúðir úr áli, gleri og plasti (með skilagjaldi)
2. Bylgjupappi, sléttur pappi og pappír
3. Plastumbúðir
4. Málmar
5. Gler
6. Lífrænn úrgangur (einkum matarleifar) (sjá aðgerð 8.1.4)
7. Raftækjaúrgangur og spilliefni
8. Annað (óflokkað)

Þetta verði gert á grunni greiningarvinnu á því hvaða kerfi hentar best, en þar gæti verið um að ræða blöndu af flokkunartunnum við hvert heimili og fjölgun á grenndar- og endurvinnslustöðvum í sveitarfélaginu. Tíðni sorphirðu yrði breytt í takt við hið nýja kerfi.



Bæjarstjórn



Fyrir árslok 2022



Sérsöfnun lífræns úrgangs

Hafin verði sérsöfnun á lífrænum úrgangi sem fellur til hjá íbúum sveitarfélagsins. Aðstöðu til flokkunar verði komið upp við öll heimili í sveitarfélaginu, (sjá einnig aðgerð 8.1.3).




Bæjarstjórn



Fyrir árslok 2022

MARKMIÐ



Urðun að hámarki 10% af heildarmagni heimilisúrgangs árið 2025



Fræðsla um úrgangsförvarnir, flokkun og endurvinnslu

Útbúið verði kynningarefni þar sem bent verður á fyrirbyggjandi aðgerðir og leiðir til að koma í veg fyrir að úrgangur myndist, svo sem með ígrunduðum innkaupum, minni notkun á einnota umbúðum, réttri meðferð og viðgerðum. Þá verði fjallað sérstaklega um mikilvægi flokkunar til að tryggja sem best hámarksnýtingu þeirra auðlinda sem til staðar eru í úrganginum. Þessi fræðsla getur verið hluti af reglubundinni fræðslu um umhverfismál, (sjá aðgerð 5.1.1).




Skipulags- og umhverfisráð í samstarfi við úrgangsverktaka



Fyrir árslok 2022

MARKMIÐ



Minni plastmengun

Fræðsla um leiðir til að draga úr plastmengun

Íbúum Akraneskaupstaðar og rekstraraðilum verði boðið upp á fræðslu um plastmengun og leiðir til að draga úr henni. Fjallað verði um leiðir fyrir hvern og einn til að draga úr myndun á plastúrgangi, um þann farveg sem mikilvægt er að plast lendi í og um það hvernig draga megji úr flæði örplasts út í sjó. Þessi fræðsla getur verið hluti af reglubundinni fræðslu um umhverfismál, (sjá aðgerð 5.1.1).



Skipulags- og umhverfisráð í samstarfi við úrgangsverktaka



Fyrir 1. maí 2021



Umhverfisstjóri



Tvisvar á ári, gegnumgangandi

**Hreinsun strandlengjunnar**

Leitað verði samstarfs við íbúa, skóla, samtök og fyrirtæki um að hreinsa strandlengju sveitarfélagsins að lágmarki tvisvar á ári, annars vegar að vori og hins vegar að hausti. Hægt væri að flétta strandhreinsunina við árvekniátök sem nú þegar eru til staðar, svo sem norræna strandhreinsunardaginn í maí og plastlausan september.


LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAG

Íbúar Akraneskaupstaðar séu meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar og útvistar fyrir andlega og líkamlega heilsu og þekki og nýti sér þá valkosti sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða á þessu sviði Akranes er heilsueflandi samfélag





MARKMIÐ



Skipulag sem viðheldur jákvæðum eiginleikum bæjarumhverfisins

Uppbygging og viðhald grænna svæða

Gerð verði úttekt á uppbyggingu og viðhaldi grænna svæða sveitarfélagsins. Í aðgerðaáætlun sem byggð verður á úttektinni verði sérstök áhersla lögð á að auka gróður sem þarfnast lítils viðhalds, auka útivistarmöguleika á svæðunum, bæta aðgengi og fjölga bekkjum og ruslatunnum.




Umhverfisstjóri



Fyrir 1. maí 2022



MARKMIÐ



Útivist fyrir alla

Aðgerðaáætlun um hreyfingu og útivist

Unnin verði aðgerðaáætlun sem miðar að því að efla lýðheilsuvitund bæjarbúa og samþætta útivist, náttúru og hreyfingu. Í áætluninni verði m.a. hugað að því að tengja græn svæði og útivistarsvæði sveitarfélagsins með göngu- og hjólastígum og að yfirbragð og skipulag sveitarfélagsins hvetji til útivistar.



Velferðar- og mannréttindaráð og umhverfisstjóri



Fyrir árslok 2021



Velferðar- og mannréttindaráð og umhverfisstjóri



Fyrir árslok 2021



Fræðsla um hreyfingu og útivist sem forvörn gegn sjúkdómum

Fræðsla fyrir íbúa, skóla og leikskóla um mikilvægi hreyfingar og útivist sem forvörn gegn ýmsum sjúkdómum. Þessi fræðsla getur verið hluti af reglubundinni fræðslu um umhverfismál, (sjá aðgerð 5.1.1).



Bæklingur þessi um Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar er gefinn út í nóvember 2020 // vefútgáfa á www.akranes.is
Umbrot og hönnun: Bjarni Helgason Nothing.is
Ljósmyndir: Akraneskaupstaður, Atli Harðarson, Guðjón Guðmundsson, Helena Guttormsdóttir & Sigurrós Jónsdóttir.
Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 24. nóvember 2020.